



Skýrsla stjórnar um framvindu starfsáætlunar SSNE árið 2023 Haustþing SSNE 2023

Kæru þingfulltrúar og aðrir gestir,
Það er óhætt að segja að yfirstandandi starfsári hafi vægast sagt liðið hratt.

Heilt yfir hefur framkvæmd verkefna starfsáætlunar gengið vel það sem af er ári. Starfsmannahópurinn er orðinn þrautreyndur í aðlögun af ýmsum toga, en verkefni eiga það til að koma hratt að okkur og krefjast meira af starfsmönnum en gert var ráð fyrir, önnur hafa hins vegar öðlast sjálfstætt líf hraðar en búist var við og flogið að heiman. Auðvitað kemur fyrir að einstaka verkefni sitji á hakanum, eins og fjölmeningarráðið, en það stendur til bóta nú í lok árs. Ég vil annars byrja þessa yfirferð á jákvæðu nótunum og þakka starfsfólki SSNE fyrir óeigingjörn og kraftmikil störf fyrir samtökin, oft við misgóðar aðstæður eins og ég kem inn á hér síðar.

Eins og þið þekkið þá er eitt af hlutverkum SSNE að stuðla að jákvæðri byggðapróun og standa vörð um hagsmuni jaðarbyggða, en nýverið fengum við þær jákvæðu fréttir að stjórn Byggðastofnunar hefði samþykkt að framlengja Brothættra byggðaverkefnið Betri Bakkafjörð um eitt ár.

Gunnar Már Gunnarsson, sem sinnt hefur verkefninu í 2 ár mun láta af störfum um áramót og hefur verið auglýst eftir nýjum verkefnastjóra fljótlega í hans stað. Umsóknarfrestur um starfið rennur út 15. október næstkomandi og vil ég nýta þetta tækifæri til að vekja athygli á þessu áhugaverða og spennandi starfi. Betri Bakkafjörður er nú eina brothættra byggða verkefnið sem við tókum þátt í, en eins og fram kom á Siglufirði í vor þá var lokafundur Glæðum Grímsey haldinn í febrúar. Ég vil einnig nýta tækifærið og þakka Gunnari Má fyrir sérstaklega vel unnin störf.

Í gær var einmitt haldin afmælishátíð Brothættra byggða á Raufarhöfn þar sem farið var yfir árangurinn af verkefnunum síðustu ára, en fyrsta Brothættra byggða verkefnið var einmitt þar.

Á árinu hefur starfsfólk og stjórn SSNE tekið þátt í fjölda funda og málþinga, tekið á móti fjölda gesta og þar á meðal Forseta Íslands. Þann 3. apríl héldu SSNE og Austurbrú sameiginlegt málþing á Þórshöfn undir merkjum Eflingar byggðar á Norðausturhorninu - orka - náttúra - ferðaþjónusta, en málþingið var styrkt af Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Málþingið þótti vel heppnað og skipaði ráðherra í kjölfarið sérstakan starfshóp um Langanesið sem mun skila af sér niðurstöðum á næstum vikum.

Starfsfólk skrifstofu SSNE á Akureyri lenti því miður í því að þurfa að flýja myglu í Hafnarstræti 91 á árinu, og er nú í tímabundnu húsnæði að Strandgötu 31 ásamt Markaðsstofu Norðurlands, en vonir standa til að framtíðar húsnæði finnist fljótlega.

Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands eystra í febrúar. Alls voru það 72 verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni og var heildarfjárhæð styrkja rétt rúmar 73 milljónir króna. Áhersluverkefni voru eining ákveðin af stjórn SSNE í febrúar. Þau eru 18 að þessu sinni og heildarfjárhæð þeirra einnig um 73 milljónir. Starfsfólk SSNE hefur verið að uppfæra upplýsingar um áhersluverkefnið á heimasíðu SSNE og eru nú hægt að nálgast nokkuð ítarlegri upplýsingar um hvert

verkefni og stöðu þeirra á síðunni. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur þau ef þið hafið tækifæri til, en jafnframt veit ég að starfsfólk SSNE er alltaf boðið og búið að veita nánari upplýsingar ef þeirra er óskað.

Það er ánægjulegt að segja frá því að undirritaðir hafa verið samningar um tvö áhersluverkefni til þriggja ára sem bæði snerta barnameningu; Upptakturinn – Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna og Fiðringur – hæfileikakeppni unglinga á Norðurlandi eystra. Bæði þessi verkefni þarfnast undirbúnings yfir lengri tíma og því er þeim nauðsynlegt að fá langtíma fjármögnun. SSNE er gríðarlega stoltur stuðningsaðili þessara verkefna sem skipta miklu máli fyrir listsköpun ungmenna á öllu svæðinu.

Í þessu samhengi vil ég nefna að ákveðið var að flýta úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar sem þegar hefur verið auglýst. Umsóknarfrestur í ár er 18. október og verður úthlutun lokið í byrjun desember í stað janúar eins og áður hefur verið. Þannig vonumst við til þess að umsækjendur geti nýtt betur tímann og komið verkefnum af stað fyrr á árinu en áður. Þess má geta að umsýsla Uppbyggingarsjóðs er umfangsmikið verkefnið hjá SSNE, en starfsfólk SSNE hefur unnið markvisst að því á árinu að reyna að minnka umfangið, því þó verkefnið sé sérstaklega mikilvægt þá eru greiðslurnar sem samtökin fá fyrir umsýsluna ekki í samræmi við umfangið sem verið hefur.

En meira af sóknaráætlun, en Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar landshlutans er nú orðinn virkur, sem veitir mikilvægan stuðning við störf SSNE. Eins hafa Fagráðin þrjú; menningar-, umhverfis- og atvinnuþróunar- og nýsköpunar nú náð góðum takti. Að jafnaði funda þau þrisvar á ári og veita þau dýrmætt innlegg í störf SSNE, í mótun áherslna í Uppbyggingarsjóð og áhersluverkefna. Unnið er að því að auka vægi fagráðanna enn meira, en það verður unnið samhliða nýrri sóknaráætlun á næsta ári.

Það hefur annars margt jákvætt gerst í landshlutanum okkar á þessu ári. Þar má nefna menninguna sérstaklega, en fyrr á árinu hlaut Alþýðuhúsið á Siglufirði Eyrarrósina, en Eyrarrósinn er viðurkenning veitt fyrir framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins. Markmið Eyrarrósarinnar er að beina sjónum að, og hvetja til, menningarlegrar fjölbreytni, nýsköpunar og uppbyggingar á sviði lista og menningar. Alþýðuhúsið á Siglufirði hefur einmitt hlotið styrki í gegnum Uppbyggingarsjóð Sóknaráætlunar Norðurlands eystra og er gott dæmi um hvernig framlög úr Uppbyggingarsjóði geta gagnast verkefnum og jafnvel samfélögum.

Eitt af áhersluverkefnum þessa árs er að auka sýnileika verkefna sem hafa fengið styrk úr Sóknaráætlun, en nú þegar hefur eitt myndband verið birt á samfélagsmiðlum okkar og fleiri eru á leiðinni.

Stuðningur við nýsköpun og frumkvöðla hefur einnig verið fyrirferðarmikill í ár, meðal annars í gegnum Norðanáttina sem er samstarfsverkefni SSNE, SSNV og Eims. Ný hringrás er um það bil að hefjast með hraðlinum Startup stormur. Verkefnið er fyrst og fremst fjármagnað af orku- umhverfis- og loftslagsráðuneytinu, en einnig leggja SSNE og SSNV heilmikið til, fyrst og fremst í formi vinnu.

Rafræn fræðsluhádegi voru haldin í janúar, febrúar og mars í samstarfi við SSNV og Eim þar sem um 220 einstaklingar sóttu fræðslu af ýmsum toga og heppnaðist mjög vel. SSNE studdi einnig við starfamesu grunnskólanna á Akureyri sem öllum grunnskólum á svæðinu var boðin þátttaka í.

Þá hefur verið mikill vilji til að auka stuðning og ráðgjöf til sveitarfélaganna í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs hefur nú verið samþykkt í öllum sveitarfélögum, og er nú að koma að því að fara vinna eftir henni. Búast má því að á næstu vikum og mánuðum verði stigin ákveðin skref í þá átt og mun Smári Jónas Lúðvíksson verkefnastjóri leiða þá vinnu áfram.

Umhverfisverkefnið Uppspretta sem er framhald á spretthópavinnunni í umhverfismálum frá því í fyrra, en þar hefur Kristín Helga staðið í brúnni með grænum skrefum sveitarfélaganna á Norðurlandi

eystra ásamt fleiri verkefnum. Hún hefur einnig, ásamt Smára Jónasi, staðið í ströngu við að kynna hugmyndir að Liforkuveri í Eyjafirði. Nú hefur verið stofnað sérstakt þróunarfélag fyrir verkefnið og munu eftirlitsaðilar og hagsmunaaðilar úr nærumhverfi Dysness fara í kynnisferð til Finnlands og Noregs nú í október. Starfsfólk SSNE er jafnframt að hefja undirbúning við skipulagningu sambærilegrar ferðar sem öllum sveitarfélögum verður boðið að taka þátt í á nýju ári, en í þeirri ferð verður fókusinn nokkuð víðari og verður samhliða boðið upp á að kynnast almennri starfsemi sveitarfélaga og sveitarfélagasambanda í viðkomandi landi. Nánari upplýsingar um þetta verða kynntar síðar.

Þá var mikið fagnaðarefni þegar ljóst varð að verkefnið Rural Europe for the Clean Energy Transition (RECET) hefði hlotið styrk sem nemur um 1,5 milljónum evra eða 225 milljónum íslenskra króna úr LIFE styrktaráætlun Evrópusambandsins sem leggur áherslu á umhverfis- og loftslagsmál. Verkefnið fór af stað 1. október s.l. og mun standa í þrjú ár. Verkefnið snýst um að efla getu sveitarfélaga á fimm svæðum í Evrópu til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir í sátt við hagsmunaaðila og í samstarfi við atvinnulíf. RECET er samstarfsverkefni fimm landa og tuga sveitarfélaga um alla Evrópu, með Ísland í fararbroddi. Íslensk Nýorka og Eimur leiða verkefnið hér á landi, en SSNE og Vestfjarðastofa eru einnig þátttakendur. Þess má geta að sú þekking sem mun skapast í RECET verkefninu og niðurstöður þess verða aðgengileg öllum sveitarfélögum og ég hvet þau sveitarfélög innan SSNE sem hafa áhuga á að taka þátt að hafa samband við Smára Jónas verkefnastjóra verkefnisins hjá SSNE.

Þess má geta að það hefur verið eftir því tekið hversu framarlega við á Norðurlandi eystra erum í þessum málum og sitja fulltrúar okkar í starfshópum fyrir hönd Sambandsins og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins sem ég tel mjög mikilvægt tækifæri til að láta rödd okkar landshluta, sem og landsbyggðanna heyrast.

Þokkalega hefur gengið að auka styrkjafé inn á svæðið það sem af er ári, við getum vel við unað það hlutfall styrkja sem koma á norðurland eystra úr Matvælasjóði, Lóu, Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og Byggðaáætlun. Þetta er hins vegar stöðugt verkefni sem ekki má slaka á í og hvet ég ykkur til að líta vel í kringum ykkur á næstu dögum og ýta við fólki að sækja um bæði Uppbyggingarsjóð 18. október n.k. og Framkvæmdasjóð ferðamannastaða þann 19. október n.k.

Það er annars fjölmargt framundan, en ég vek athygli ykkar á því að Starfsáætlun SSNE árið 2024 er hér einnig til kynningar og er aðgengileg á heimasíðu SSNE í gögnum þingsins. Starfsfólk SSNE hefur verið að vinna í því síðustu ár að gera starfsáætlunina skýrari og reyna að tengja skýrt á milli markmiða Sóknaráætlunar og verkefna í starfsáætlun. Í fyrirbyggjandi starfsáætlun hefur til að mynda verið tengt við nýjasta árangursmat Sóknaráætlunar Norðurlands eystra þannig að sjá má hvernig verkefnin miða að því að ná markmiðunum.

Annars er stóra verkefni næsta árs gerð nýrrar Sóknaráætlunar fyrir Norðurland eystra, en núverandi sóknaráætlun gildir aðeins út næsta ár og er stefnt að því að nýjar sóknaráætlanir landshlutanna taki gildi á sama tíma. Þá er einnig stórt skipulagsverkefni framundan hjá sveitarfélögum innan SSNE, en gera má ráð fyrir að á næstu vikum fari af stað vinna við strandsvæðaskipulag Eyjafjarðar og Skjálfanda.

Eins og þið heyrðið þá hefur framkvæmd starfsáætlunar þessa árs heilt yfir gengið vel. Árinu er þó auðvitað ekki lokið og er enn fjölmargt framundan hjá okkur út þetta ár. Við munum úthluta úr Uppbyggingarsjóði í desember ásamt því að hefja mótun áhersluverkefna næsta árs svo fátt eitt sé nefnt. Ég vil nýta þetta tækifæri til að hvetja ykkur sem hér eruð til að hafa samband við starfsfólk eða stjórnarfólk SSNE ef þið eruð með hugmyndir af áhersluverkefnum, en einnig er hægt að senda inn tillögur á heimasíðu SSNE. Þá verður staðfundur stjórnar SSNE haldinn í byrjun desember, en í þetta skiptið ætlum við að nýta fundinn til að hefja undirbúning við nýja Sóknaráætlun Norðurlands eystra og setjast niður með starfsfólki SSNE og leyfa okkur að hugsa til framtíðar.

Að lokum, talandi um framtíðina, þá verð ég að nefna málið sem er hér til umræðu á eftir, Samgöngustefnu Norðurlands eystra. Þar er tæpt á fjölmörgum mikilvægum innviðamálum fyrir landshlutann okkar og ég vona svo sannarlega að okkur takist að eiga hér á eftir uppbyggilega og innihaldsríka umræðu og náum saman um sameiginlega stefnu sem vonandi styður okkur í baráttunni fyrir mikilvægum innviðaframskráum í landshlutanum.

Ágætu þinggestir. Síðast þegar við komum saman á ársþingi SSNE á Siglufirði í vor tókum við nokkrar býsna stórar ákvarðanir. Sú stærsta fólst auðvitað í því að fjölga fulltrúum í stjórn þannig að sveitarfélögin öll ættu sæti við stjórnarborðið. Á glærinni sést hvernig stjórn SSNE er skipuð en þeir fulltrúar sem komu nýir inn í stjórn eru:

Guðjón M. Ólafsson, Fjallabyggð
Axel Grettisson, Hörgársveit
Hermann Ingi Gunnarsson, Eyjafjarðarsveit
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Þingeyjarsveit

Ég held að ég tali fyrir hönd allra stjórnarmanna þegar ég segi að þetta hafi verið gæfuspor að stíga, en við finnum það öll hversu gott það er að hafa raddir allra í samtalinu og þar með fjölbreytni sjónarmiða meiri. Það skilar okkur svo að lokum kraftmeiri samtökum og sterkari landshluta en áður.